

Tillaga að bókun.

Vegna athugasemda Skipulagsstofnunar, dags. 27. desember 2019, þá eru gerðar eftirfarandi breytingar á tillögu að Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029, til að koma til móts við athugasemdir.

- Í kafla 1.2. í greinargerð er bætt við eftirfarandi setningu: "Afmörkun lóna, efnistöku- og efnislosunarsvæða vegna Urriðafossvirkjunar og Holtavirkjunar er sýnd til skýringar á skipulagsupprætti".
- Á upprætti fyrir byggðina er varúðarsvæði Urriðafossvirkjunar VA1 stækkað yfir efnislosunarsvæðið E1.
- Á þemaupprætti nr. 6, Flokkun vega, voru vegir innan þjóðlendu flokkaðir. Gerð er breyting á þá leið að vegir innan hálendismarka eru flokkaðir. Með þessari breytingu eru vegir suðvestast á hálendinu einnig flokkaðir.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir tillögu að aðalskipulagi eins og hún er hér lögð fram. Er skipulagsfulltrúa falið að senda aðalskipulagið til staðfestingar Skipulagsstofnunar í samræmi við 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.